

Skógarvörðurinn á Norðurlandi

Starfsskýrsla fyrir árið 1998

Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar voru norðaustlægar og suðaustlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 7.3 stig, 26. janúar. Lágmarkshiti var -19.4 stig, 18. janúar. Meðalhiti í janúar var -2.28 stig. Meðalsnjódýpt var 35 cm, mest 50 cm, 16. janúar. Úrkoma í janúar var 115.2 mm, mest 18.2 mm, 14. janúar. Meðalvindhraði í janúar var 5.5 hnútar.

Í febrúar bar mest á sunnan og suðvestlægum áttum, þó nokkuð væri um norðanáttir. Hámarkshiti mældist 7.7 stig, 17. febrúar. Lágmarkshiti var -17.2 stig, 12. febrúar. Meðalhiti í febrúar var -4.94 stig. Meðalsnjódýpt var 30 cm, mest 35 cm, 27. og 28. febrúar. Úrkoma í febrúar var 102.4 mm, mest 19.6 mm, 9. febrúar. Meðalvindhraði var 4.6 hnútar.

Í mars voru sunnanáttir tíðastar. Hámarkshiti var 10.5 stig, 20. mars. Lágmarkshiti var -25.1 stig, 7. mars, sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti í mars var -3.95 stig. Meðalsnjódýpt var 42 cm, mest 50 cm, 5. mars. Úrkoma í mars var 73.1 mm, mest 14,1 mm, 2. mars. Meðalvindhraði í mars var 7.2 hnútar. Heyrðist í skógarpresti 31. mars.

Í apríl voru breytilegar áttir. Hámarkshiti var 11.9 stig, 24. apríl. Lágmarkshiti var -11.6 stig, 9. apríl. Meðalhiti í apríl var -0.13 stig. Meðalsnjódýpt var 10 cm, mest 12 cm, 26. apríl. Úrkoma í apríl var 28.2 mm, mest 7.9 mm, 24. apríl. Meðalvindhraði í apríl var 3.4 hnútar. Svanir komnir 2. apríl. Gæsir komu 10. apríl. Stelkur og lóa komu 24. apríl og maríerla kom 29. apríl.

Í maí voru suðlægar áttir tíðastar, þó nokkuð bæri á norðvestanáttum. Hámarkshiti mældist 19.5 stig, 26. maí. Lágmarkshiti var -7.2 stig, 9. maí. Meðalhiti í maí var 6.31 stig. Snjór mældist á jörðu í 13 daga, mest 12 cm, 7. maí. Úrkoma í maí var 21.9 mm, mest 8.3 mm, 6. maí. Meðalvindhraði í maí var 6.3 hnútar. Spóinn kom 9. maí. Tún í Fnjóskadal farin að grænka 20. maí og talin algræn 30. maí. (Sjá laufgun í kafla 2.1. Laufgun og lauffall).

Í júní voru norðanáttir algengastar. Hámarkshiti var 17.2 stig, 17. júní. Lágmarkshiti var -2.5 stig, 3. júní. Meðalhiti í júní var 7.25 stig. Úrkoma í júní var 13 mm, mest 8.7 mm, 22. júní. Meðalvindhraði var 4.2 hnútar. Úthagi algrænn 11. júní.

Í júlí var norðvestanátt algengust. Hámarkshiti í júlí var 21.2 stig, 2. júlí, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti var 0.3 stig, 10. júlí. Meðalhiti í júlí var 8.36 stig. Úrkoma í júlí var 47.7 mm, mest 14.7 mm, 8. júlí. Meðalvindhraði var 4.5 hnútar. Sláttur hófst í Fnjóskadal 11. júlí. Grátt í fjöll 23. júlí.

Í ágúst voru norðaustan og suðaustan áttir og logn mældist líka nokkrum sinnum. Hámarkshiti var 19.5 stig, 30 ágúst. Lágmarkshiti var 0.0 stig, 22. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 9.86 stig. Úrkoma í ágúst var 40.7 mm, mest 10.8 mm, 14. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst var 4.1 hnútar. Heyskapur langt kominn 9. ágúst og lokið 26. ágúst.

Í september bar mest á norðan og austan áttum. Hámarkshiti var 17.8 stig, 3. september. Lágmarkshiti var -4.6 stig, 30. september. Meðalhiti í sept. var 4.94 stig. Úrkoma í sept. var 82.5 mm, mest 23.1 mm, 19 sept. Meðalvindhraði í sept. var 4.6 hnútar. Um sölnun og lauffall sjá kafla 2.1. Gránaði í fjöll 9. sept.

Í október voru breytilegar áttir, þó bar mest á suðvestan- og norðvestan áttum. Hámarkshiti var 16.6 stig, 6. okt. Lágmarkshiti var -12.3 stig, 21. okt. Meðalhiti í okt. var -0.19 stig. Úrkoma í okt. var 171.8 mm, mest 36.0 mm, 24. okt. Meðalvindhraði í okt. var 4.9 hnútar. Snjór mældist á jörðu í 18 daga í okt., mest 85 cm, 26. okt. Þennan snjó tók ekki upp.

Í nóvember voru mest suðlægar áttir. Hámarkshiti var 7.7 stig, 30. nóv. Lágmarkshiti var -17.9 stig, 6. nóv. Meðalhiti í nóv. var -2.52 stig. Meðalsnjódýpt í nóv. var 69 cm, mest 100 cm, 6. nóv., sem var mesta snjódýpt á árinu. Úrkoma í nóv. var 107.5 mm, mest 16.2 mm, 21. nóv. Meðalvindhraði í nóv. var 4.4 hnútar.

Í desember voru breytilegar áttir. Hámarkshiti var 6.3 stig, 8. des. Lágmarkshiti var -15.7 stig, 20. des. Meðalhiti í des. var -1.88 stig. Meðalsnjódýpt í des var 60 cm, mest 75 cm 17. og 18. des. Úrkoma í des var 121.7 mm, mest 26.5 mm, 13. des. Meðalvindhraði í des var 4.8 hnútar. Gjóska sást á snjó og á skál, 21. des. vegna goss í Grímsvötnum.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1998

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-2,28	(-2,76)	115,2	(61,1)
Febrúar	-4,94	(-3,92)	102,4	(85,8)
Mars	-3,95	(-3,28)	73,1	(60,2)
Apríl	-0,13	(1,59)	28,2	(19,5)
Maí	6,31	(4,04)	21,9	(9,9)
Júní	7,25	(7,31)	13,0	(32,1)
Júlí	8,36	(12,62)	47,7	(32,9)
Ágúst	9,86	(9,77)	40,7	(48,9)
Sept.	4,94	(6,10)	82,5	(59,2)
Okt.	-0,19	(1,89)	171,8	(73,6)
Nóv.	-2,52	(0,51)	107,5	(78,4)
Des.	-1,88	(1,26)	121,7	(63,6)
	1,74	(2,72)	925,7	(625,2)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1997

1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní - sept. var 7.60 stig, en var 8.95 stig sömu mánuði 1997.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

10/5	-2,3	3/6	-4,4	22/8	-0,9
17/5	-3,3	4/6	-2,2	24/8	-1,1
19/5	-0,7	5/6	-3,8	25/8	-1,2
21/5	-1,0	7/6	-1,3	14/9	-0,7
25/5	-1,1	8/6	-0,7	15/9	-0,3
27/5	-1,1	11/6	-1,4	16/9	-0,9
1/6	-2,1	12/6	-2,6	17/9	-0,1
2/6	-2,1	19/6	-0,7		

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig.

1/7	20,0
2/7	21,2

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Brum á birki farið að þrútna 17. maí, komið með græna sliju 24. maí og hálfútsprungið 27. maí, alútsprungið 6. júní. Lerki farið að grænka 15. maí, orðið hálfútsprungið 24. maí og algrænt 27. maí. Stöku greinar á birki og gulvíði farnar að sölna 17. ágúst. Gulvíðir töluvert sölnaður 1. sept. og birki 10. sept. Mikil gulnun á birki orðin 15. sept. Mikið lauffall á birki 25. sept. Lerki byrjað að gulna 16. sept.

2.2. Vöxtur

Vöxtur var í lágmarki þetta ár vegna kulda og sólarleysis, sérstaklega á lauftrjám. Sæmilegur vöxtur var þó í stafafuru og greni. Þó rættist nokkuð úr vexti í hlýindum sem kom í ágúst.

2.3. Fræfall

Fræfall var lítið þetta ár, aðeins á stöku birkitré. Lítillega var safnað af birkifræi í Vaglaskógi.

2.4. Skaðar

Mikill maðkur var á birki á Norðurlandi, sérstaklega í S-Þingeyjarsýslu. Stór lauflítill svæði voru í skógum yfir að líta. Skaðar voru á greni í Eyjafirði af völdum sitkalúsar og í Þingeyjarsýslum af völdum köngulings. Snjóbrott og sligun var á trjágróðri í snjó sem kom í október, sérstaklega á Norðurlandi vestra en það kemur betur í ljós næsta vor. Töluvert kal kom í ljós af völdum haustfrosta 1997 á lerki og ösp.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var að mestu það sama og síðsta ár. Ráðskonur voru tvær þetta sumar. Karitas Jóhannesdóttir á Reykjum og Gunnhildur Arnþórsdóttir í Hrísgærði skiptu því með sér. Verkstjórar voru sem fyrr, Guðni Þ. Arnþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Laugabrekku. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf sem fyrr auk vinnu í gróðrarstöðinni yfir sumarmánuðina. Guðrún Jónsdóttir vann í gróðrarstöðinni á Vöglum eins og fyrri ár auk veðurtöku allt árið. Aðrir fastir starfsmenn voru Benedikt Karlsson, Sigurpáll Jónsson, Kristján Jónsson, Jóhannes H. Gíslason og Ingimundur Gunnarsson, sem kom aftur til starfa eftir veikindi. Valgeir Davíðsson var hluta af sumrinu og er hættur störfum. Starfsmenn á launaskrá voru 19 þegar flestir voru.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 19,146,709, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 4,791,096, dagpeningar kr. 225,427, akstur kr. 455,032 og ASÍ laun kr. 13,675,154.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var lítið þetta ár, líklega vegna þess havað síðasti vetur var snjóléttur. Smölun heimalanda Vagla og Þórðarstaða var með sama hætti og síðasta ár þ.a.s. verksamningur við Hermann á Sigríðarstöðum.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 254,361, samtals 411 vinnustundir.

Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 44,719.

4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á þessu ári.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Skógarhögg fór að mestu fram í Vaglaskógi, Sigríðarstaðaskógi og Þórðarstaðaskógi. Í Vaglaskógi var grisjað í reitum nr. 240, 247, 248, 249, 250, 251, 293, 296, 297, 355 og 374 og kjarrsagað í reitum 93, 105, 375 og 376 og slóðir milli reita nr. 349, 350 og 375, 376. Í Sigríðarstaðaskógi var grisjaður reitur nr. 51 og með vegi suður í skóg og kjarrsagað í reitum nr. 34, 48 og 49. Í Þórðarstaðaskógi var grisjað með vegi og tekin brotin tré í Lautaskógi og hreinsað úr snjóflóðasvæði frá 1995 ofan

Landsbankabústaða. Kjarrsagað var í plöntustykkjum milli Búðagils og Þorleifsgils, neðan vegar og sunnan Búðarár, ofan vegar. Ekkert var unnið í Ásbyrgisskógi þetta ár. Girðingarstaurar sem komu út úr grisjunarvið 1998, úr lerki, furu og greni voru 1.180 stk.

Felldur viður:

Birki	ca.	95 tonn
Lerki	“	8 “
Annað	“	3 “.

5.1.1. Sala girðingarstaura

Seldir - afhentir voru 40 staurar 6 fet.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir	2.834 pk
Arinviður litlir	146 pk
Smíðaviður	120 m
Reykingarviður	1.820 kg.
Birkikurl/flís	4.875 kg.
Plattar	10.443 stk.
Beðkurl (pokar)	15 pk.
Beðkurl (saltpokar)	31 pk.
Rætur	9 stk.
Viðarkol	162 kg.

5.1.3. Birgðir í árslok

Arinviður stórir	905 pk
Arinviður litlir	63 pk
Arinviður óunnið	ca. 14.000 kg.
Smíðaviður birki	530 m.
Birkikurl/flís	1.100 kg.
Reykingarviður	ca. 800 kg.
Plattar	4.754 stk
Staurar 5 fet	350 stk
Staurar 6 fet	1.250 stk
Beðkurl	9,6 m ³
Viðarkol	ca. 300 kg.
Rætur	41 stk

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 4,341 og laun og launatengd gjöld kr. 2,800,236.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 2. nóvember. Kominn var mikill snjór og gekk því höggið hægar en ella. Felld voru 471 jólatré á eftirtöldum stöðum.

	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
Ásbyrgi	13				13
Fellsskógur	177		66	29	272
Kristnes			2		2
Reykjarhóll		7	2		9
Vaglaskógur	31	2	3		36
Vaglir Þelamörk		139			139
Alls	221	148	73	29	471

Starfsmenn frá Vöglum fóru og felldu jólatré í Norðtunguskógi 293 rauðgreni og í Skorradal 200 rauðgreni til dreifingar á Vöglum. Flutt voru 325 rauðgreni frá Selfossi og 24 rauðgreni frá Hallormsstað og þau afgreidd frá Vöglum. 2 menn frá Vöglum fóru og felldu trén með starfsmönnum á Hallormsstað og fluttu þau til Akureyrar. Hallormsstaður, Selfoss og Skorradalur sendu einnig jólatré á Norðurland, sem voru afgreidd beint til viðskiptavina. Af felldum og aðfluttum trjám seldust 1.288 tré, önnur fóru til starfsfólks og í frákast. Nokkuð seldist af gölluðum trjám í götuskreyingar.

Seld tré	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
Stærð					
Tilboðstré	63				63
070-100	59	8	5	5	77
101-125	299	56	20	2	377
126-150	304	46	8	5	363
151-175	174	26	9		209
176-200	111	6	5	1	123
201-250	44	3	2	3	52
251-300	10		3	3	16
301-400	2		3		5
401-500	1				1
501-600	2				2
Alls	1.069	145	55	19	1.288

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina kr. 648,962, alls 864 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 10,873, alls kr. 659,835.

Tekjur skiptust þannig:

Sala	Aðkeypt	Mismunur
-------------	----------------	-----------------

Jólatré	1.573.002	1.573.002
Innfl. og ísl. greinar	18.292	18.292
Alls	1.591.294	1.591.294

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur.

Sáð var þann 21. maí í stóra húsið (hús nr. 2), blágreini, hvítgreini, rauðgreini, rússalerki (4 ísl. kvæmi) og stafafuru. Birki og hengibirki var sáð í sama hús 1. júní og mýrarlerki og valbjörk 4. júní. 31. maí var sáð birki í dúkhús. Töluverð vinna var við priklun á lerkikvæmum vegna misjafnrar spírunar og grisjunar á birki. Sáningar sjást nánar í talningarlista 1998.

6.2. Dreifsetning

Stungið var 11,697 græðlingum í beð og 60,694 í FP35 bakka.

6.3. Garðplöntur

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 2,514,499 og afhentir styrkir fyrir kr. 1,013,141. Stungið var 4,594 sumargræðlingum og pottaðar voru 6,290 plöntur. Seldar og afhentar voru 56,271 garðplöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 74,380 plöntur 1999.

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 166,890 skógarplöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar skógarplöntur	1,946,859
Millif. og styrkir	1,262,322
Afh. í eigin skóglendi	220,416
Nytjaskógar	593,989

Alls Kr. 4,023,586

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing í gróðrarstöð var svipuð og síðasta ár.

6.6. Nýframkvæmdir

Nýframkvæmdir í gróðrarstöð voru engar á þessu ári.

6.8. Kostnaður.

Laugabrekka	Kr.	Vinnust
Plöntuuppeldi almennt	250.421	342
Skógarplöntur	18.169	29

Fjölþottaplöntur	315.902	474
Garðplöntur	577.996	783
Alls	1.162.488	1.628

Vaglir

Plöntuuppeldi almennt **	378.986	393
Verkstjórn	530.671	682
Frídagavaktir	173.203	121
Ræktunarbún.	31.546	51
Umhirða alm.	11.808	24
Sala viðargræðlinga	77.521	115
Skógarplöntur alm.	10.651	16
Uppt., meðf., afgr. skógpl	12.596	20
Fjölþottar alm.	88.586	134
Hreinsun bakka	43.076	67
Moldarfylling	138.598	210
Sáning fjölp.	85.150	120
Grisjun fjölp.	353.626	589
Umhirða fjölp.	248.232	383
Afhending fjölp.	77.345	109
Vetrarum. fjölp.	31.852	50
Viðargræðlingar	302.912	420
Garðpl. alm.	5.247	9
Stiklingar útiræktun	15.535	21
Stiklingar inniræktun	82.248	114
Garðpl. beðpl.	186.182	324
Garðpl. pottapl.	970.686	1.418
Hnausplöntur	3.987	6
Sala garðpl.	204.578	199
Vetrarumb. garðpl.	28.417	36
Alls	4.093.239	5.631

Samtals Laugabrekka og Vaglir 5.255.727 7.259

** Innifalið sérst. frídagar - veikindi - orlof og des. uppbót.

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr.	Fjöldi	Reitur
-----------------	--------------	--------------	------------	---------------	---------------

Reykjarhóll	Rússalerki	1/0	Imatra	930026	500	
Vagllir Þelamörk	Rússalerki	3/0	Vendenga	950014	1,160	301a
	Rússalerki	3/0	Imatra	930027	1,320	301a
					2,480	
Þórðarst.sk.	Blágreni	2/0	Rio Grande	910007	1,640	Í lerkistk
	Blágreni	2/0	Rio Grande	950010	235	milli
Þorleifs	Blágreni	4/0	Rio Grande	940008	373	og Mold-
	Fjallapínur	5/0	Bl.M.Silver	920017	420	gilja og inni
	Fjallapínur	5/0	Bl.M.Purple	920018	115	í blágreni
	Fjallapínur	6/0	Kootenai	910006	125	neðan furu-
	Rauðgreni	3/0	Hemnes	950007	1,027	kvæma.
				3,935		
			Alls		6,915	

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu voru kr. 89,066, alls 153 vinnustundir.

8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við grisjun, kjarrsögun, áburðargjöf og hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum:

Sigríðarstaðaskógur	176 tímar	kr 112,893
Vaglaskógur	438 “	“ 250,285
Þórðarstaðaskógur	296 “	“ 178,720

9. BYGGINGAR

Við byggingar var unnið við lagfæringu innandyra í skemmu í Vaglaskógi, allsherjar hreingerning, skipt um skemmdar plötur á veggjum og lofti og málað þar sem þess þurfti. Lagfærð voru ljós og bætt við lýsingu og sett upp ljós við

útgang. Þetta var gert að kröfu vinnueftirlits ríkisins, sem kom og gerði athugasemdir við ýmsa hluti, þar á meðal þessa sem hafa verið gerðir í skemmu. Ennfremur var settur gluggi á rými í skemmu sem ætlað er fyrir vélsagir og settur opnanlegur gluggi á verkstjórakompu (skrifstofu). Sett var upp ljós við útganga á Furuvöllum samkvæmt kröfu vinnueftirlits. Í geymslu við Vagli 1, fjárhús og hlöðu voru settir upp fleiri rekkar fyrir við og staura. Gera þarf betri loftun í geymslunni til að þurrkun á viði fari betur fram. Annars var viðhald bygginga í lágmarki.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla og verkfæra var lítið þetta ár, nema það að gert var við mótör í Farmal dráttarvél. Keyptir voru 2 gasvatnshitarar til viðbótar ásamt hylkjum og var þetta sett upp á snyrtingum í Vaglaskógi. Keypt var mótorsuga, sem sagnar í poka spæni frá hefli og sag frá bandsög á verkstæði. Mjög brýnt er að endurnýja Hilux bifreiðina sem er frá árinu 1990, ásamt stóru dráttarvélinni sem er frá árinu 1986. Ennfremur þarf að huga að endurnýjun á útdráttarspili og kurlara. Mikill vinnusparnaður og hagræðing mundi fást við að fá færiband við viðarsög og að til væru tvívirkt ámoksturstæki á staðnum. Vélar og tæki eru flest orðin við aldur og búast má við að kostnaður við viðgerðir fari vaxandi næstu ár.

11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRÐUM

Sjá skýrslu Sigrúnar Sigurjónsdóttur, skógræktarráðunauts.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

Fundir og ferðalög skógarvarðar voru þessi helst á árinu. Fór til Reykjavíkur vegna funda í aðlögunarnefnd 7. - 8. janúar og aftur 13. mars. Fór á fulltrúafund

Skógræktarfélag Íslands 14. mars. Sat starfsmannafund SR í Reykjavík 26. - 27. mars. Fór á aðalfund Félags skógarbænda á Norðurlandi í Varmahlíð 14. apríl. Fór á fund í Laugaborg í Eyjafirði með skógræktarstjóra og skógræktarráðunaut um skógrækt í Eyjafirði 6. maí. Fór austur í Hallormsstað með sáningarvél og tók þar plöntur fyrir nytjaskóga á Norðurlandi og flutti þær í Skagafjörð 21.-22. maí. Fór á aðalfund Skf. S-Þing. í Ljósveitingabúð 5. júní. Fundur með vegagerðarmönnum vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vöglum á Þelamörk 8. júní. Fór með Sigrúnu í Fremstafell og Hjaltastaði í Köldukinn 25. júní. Fundur í nytjaskóganefnd S-Þing. á Vöglum 30. júní. Fór í Ásbyrgi vegna 25 ára afmælis þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum 4. júlí. Fór í Skagafjörð með Sigrúnu til að undirbúa þingmannafund þar 13. júlí. Fór í Skagafjörð vegna fundar og vettvangsferðar með þingmönnum Norðulands vestra og eystra, með stjórn skógarbænda á Norðurlandi, skógræktarstjóra, fagmálastjóra og fleirum 16. júlí. Fór til Reykjavíkur 17. júlí og var viðstaddur útför Gunnar Freysteinsonar, skógræðings, sem fórst í bíslýsi 5. júlí. Fór í Vatnsdal í A-Húnavatnssýslu 22. júlí. Fór á fund með stjórn skógarbænda á Norðurlandi, sem haldinn var á Jódísarstöðum 22. júlí. Fór á fund í Landbúnaðarráðuneyti vegna fræhúss 12. ágúst. Fór á fjölskylduhátíð í Haukadal með starfsfólki SR 15.-16. ágúst. Fór með Guðmundi Halldórssyni og Sigrúnu um Eyjafjörð og S-Þing vegna úttektar á skaða á skógi af völdum maðks og lúsar 18. ágúst. Fór á aðalfund Skf. Íslands á Hvolsvelli dagana 28.- 30. ágúst. Fór með Sigurgeir Ísakssyni í Ásbyrgi vegna landamerkja þar 7. sept. Fór suður í Borgarfjörð ásamt Guðna Þorsteini og Sigurpáli vegna fyrirhugaðrar jólatrjáatöku í Norðtunguskógi 9.-10. sept. Fór á fund hjá Vatnsveitu Akureyrar vegna vatnsverndarsvæðis á Vöglum á Þelamörk 15. okt. Fór á fund með skógræktarstjóra hjá Framkvæmdasýslu vegna útboðs á fræræktarhúsi 5. nóv. Fór austur í Egilsstaði til samráðsfundar við yfirstjórn vegna byggingar fræhúss ofl. 9.-11. nóv. Fór suður til Reykjavíkur ásamt Margréti vegna námskeiðs í Agresso bókhaldskerfi 16.-18. des. Skógarvörður fór ýmsar ferðir til Akureyrar, í Skagafjörð, Húnavatnssýslur og Þingeyjarsýslur vegna plöntudreifingar, leiðbeininga og eftirlits.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í lágmarki þetta sumar vegna slæmrar veðráttu. Tjaldstæðin voru leigð út með sama sniði og síðasta ár ásamt verslunarhúsnæði. Ketill Tryggvason og Elísabet Pálmadóttir voru leigutakar. Umgengni var góð. Bætt var við 2 gasvatnshiturum á snyrtingar við tjaldstæðin í Stórarjóðri og neðra Hróarstaðanesi og sáu starfsmenn SR um það.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 5,809 sem skiptust þannig eftir mánuðum:

Í júní 1,406, í júlí 1,538 og ágúst 2,865.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 600,000. Laun og launatengd gjöld (sérst. fríd, veikindi og des.uppb. innifalið) kr. 94,917, alls 142 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 364,348.

12.4. Annað

Skógardagar voru ekki haldnir á þessu ári. Fræræktarverkefnið hélt áfram og stýrði því Þröstur Eysteinnsson eins og áður. Töluvert kom af lerkifræi og lítilsháttar af birkifræi, en þær upplýsingar eru hjá Þresti. Byrjað var á framkvæmdum við fræhús

Þ.e.a.s. grafið var fyrir húsinu 1. okt. og útboð var auglýst í grind hússins í árslok. Tilboði var tekið frá fyrirtækinu Grími ehf. vélaverkstæði á Húsavík. Áætlað er að framkvæmdir við bygginguna fari á fullt næsta sumar. Guðni Þorsteinn og Sigurpáll fóru á námskeið í viðarnýtingu í Reykjavík 16. apríl. Skógræktarstjóri, fagmálastjóri og fjármálastjóri komu vegna gerð fjárhagsáætlunar 24. apríl. Sýning var haldin í Íþróttahöllinni á Akureyri undir nafninu “Daglegt líf” 15.-17. maí og tók SR á Vöglum þátt í henni og kynnti afurðir sínar og starfsemi. Starfsfólk Landbúnaðarráðuneytisins kom í stutta heimsókn á ferð sinni um Norðurland 20. júní. Þeim var sýnd starfsemin. Finnskt skógræktarfolk kom í heimsókn 10. júlí. Ég vil að lokum þakka öllu samstarfsfólki fyrir samstarfið á árinu 1998.

10. febrúar 1999

Sigurður Skúlason, skógarvörður